



HS VEITUR

Útgefandalýsing

HSVE 42 1110

29. ágúst 2023

Umsjónaraðili með gerð lýsingar

Kvika banki hf.



Efnisyfirlit

1	Áhættuþættir.....	3
1.1	Rekstraráhætta.....	3
1.1.1	Markaðsaðstæður.....	3
1.1.2	Tekjurammi Orkustofnunar.....	3
1.1.3	Stefnumótunaráhætta.....	4
1.1.4	Stjórnunar- og starfsmannaáhætta.....	4
1.1.5	Áhætta tengd upplýsingatækni.....	4
1.1.6	Orðsporsáhætta.....	4
1.1.7	Áhætta tengd reikningsskilaaðferðum.....	4
1.1.8	Náttúruhamfarir.....	5
1.1.9	Stjórnsýslu-, dóms- og gerðardómsmál.....	5
1.1.10	Vátryggingaráhætta.....	5
1.2	Fjárhagsleg áhætta.....	5
1.2.1	Markaðsáhætta.....	5
1.2.2	Mótaðilaáhætta.....	5
1.3	Ytri áhættuþættir.....	6
1.3.1	Áhætta tengd almennu efnahagsumhverfi á Íslandi.....	6
1.3.2	Lagaleg áhætta.....	6
1.3.3	Skattaleg áhætta.....	7
1.3.4	Pólítísk áhætta.....	7
2	Upplýsingar um útgefandann.....	8
2.1	Útgefandi.....	8
2.2	Starfsemi.....	8
2.2.1	Ágrip af sögu félagsins.....	9
2.2.2	Skipurit.....	9
2.3	Stjórnarhættir, stjórn, framkvæmdastjórn og endurskoðunarnefnd.....	10
2.3.1	Stjórnarhættir.....	10
2.3.2	Yfirlýsing um stjórnarhætti.....	10
2.3.3	Stjórn.....	10
2.3.4	Framkvæmdastjórn.....	15
2.3.5	Endurskoðunarnefnd.....	16
2.3.6	Hlutfé.....	16
2.3.7	Hluthafar.....	16
3	Fjárhagsupplýsingar.....	18
3.1	Samandregnar fjárhagsupplýsingar.....	18

3.2	Mat á eignum.....	18
4	Tilkynning til fjárfesta.....	19
4.1	Skjöl til sýnis.....	19
4.2	Skjöl felld inn með tilvísun	20
4.3	Upplýsingar frá þriðja aðila.....	20
4.4	Umsjónaraðili útgáfunnar og töku skuldabréfanna til viðskipta.....	20
4.5	Endurskoðendur útgefanda.....	20
4.6	Hugsanlegir hagsmunaárekstrar	20
4.7	Staðfesting af hálfu Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands	21
4.8	Yfirlýsing ábyrgðaraðila útgefandalýsingar fyrir hönd útgefanda	21

1 Áhættuþættir

HS Veitur hf., kt. 431208-0590, Brekkustíg 36, 260 Reykjanesbæ (hér eftir „**HS Veitur**“, „**útgefandi**“ eða „**félagið**“), er hlutafélag sem starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Tilgangur félagsins samkvæmt 3. gr. í gildandi samþykktum þess er rekstur og eignarhald á dreifiveitum fyrir raforku, kalt og heitt vatn. Áhættuþættirnir sem lýst er hér á eftir eru þeir áhættuþættir sem útgefanda er kunnugt um og sem að mati útgefanda kunna að skipta máli varðandi fjárfestingu í skuldabréfaflokknum útgefnum af HS Veitum, svo meta megi áhættuna.

Áhættuþáttur er atriði sem getur haft neikvæð eða jákvæð áhrif á útgefanda, hvort sem er rekstur hans, efnahag eða framtíðarhorfur og leitt til lakari eða betri stöðu en ef áhrifanna hefði ekki gætt. Áhættuþættir geta haft áhrif á getu útgefanda til að uppfylla skuldbindingar gagnvart fjárfestum sem fjárfest hafa verðbréf útgefin af félaginu.

Útgefandi hefur gefið út og selt skuldabréf fyrir samtals 2.000 milljónum króna á grundvelli skuldabréfaútgáfu sem hefur auðkennið HSVE 42 1110 (hér eftir „**skuldabréfin**“, „**skuldabréfaflokkurinn**“ eða „**flokkurinn**“). Nánari umfjöllun er að finna í verðbréfalýsingu félagsins, dags. 29. ágúst 2023.

Hér að neðan eru áhættuþættir flokkaðir í þrjá mismunandi flokka. Í fyrsta lagi er fjallað um áhættuþætti er varða rekstraráhættu útgefanda, í öðru lagi um áhættuþætti er varða fjárhagslegar áhættur og í þriðja lagi um ytri áhættuþætti er varða útgefanda. Áhættuþættirnir eru settir fram eftir alvarleika að mati útgefanda, að teknu tilliti til neikvæðra áhrifa á útgefanda og líkanna á að þeir raungerist.

Áhættuþættir þessir eru háðir óvissu og því er útgefanda ekki mögulegt að segja til um líkur á því að þeir raungerist. Ekki er víst að hér sé fjallað um alla áhættuþætti sem gætu haft áhrif á útgefanda í framtíðinni, því áhættuþættir sem álitnir eru óverulegir í dag gætu þróast á þann veg að þeir hafi veruleg áhrif síðar.

1.1 Rekstraráhætta

Rekstraráhætta er hættan sem fylgir beinu eða óbeinu tapi sem getur orðið vegna fjölda þátta í starfsemi félagsins, annarra en sem tengjast fjárhagslegum- og ytri áhættuþáttum. Rekstraráhætta útgefanda getur skapast í tengslum við margvíslega þætti í nærumhverfi félagsins. Þessir þættir varða t.d. starfsmenn, upplýsingakerfi og ferla. Þrátt fyrir að HS Veitur hafi gripið til margvíslegra ráðstafana í starfsemi sinni í því skyni að draga úr rekstraráhættu er ekki hægt að útiloka að félagið geti orðið fyrir fjárhagslegu tjóni vegna slíkra áhættuþátta sem þá hefði áhrif á afkomu, efnahag og framtíðarhorfur félagsins.

1.1.1 Markaðsaðstæður

Eftirspurn eftir afurðum HS Veitna helst tiltölulega óbreytt, þó svo að verð breytist. Teygni eftirspurnar er því tiltölulega lítil og þarf verð að breytast verulega svo þess fari að sjást merki í eftirspurninni. Svigrúm til verðbreytinga er auk þess tiltölulega takmarkað vegna þess lagaumhverfis sem fyrirtækið starfar í en þó er heimild til að breyta gjaldskrá til samræmis við breytingar á almennu verðlagi.

1.1.2 Tekjuramma Orkustofnunar

Gjaldskrá fyrir dreifingu raforku er háð tekjuramma sem gefinn er út af Orkustofnun í samræmi við raforkulög nr. 65/2003. Tekjuramminn byggir á rauntölum úr rekstri dreifiveitu í fimm ár, afskrift fastafjármuna, rauntöpum í dreifikerfi og 2021 er leyft WACC eftir skatta 4,94% (eigið fé 6,95% og lánsfé 2,48%)¹. Gjaldskrá er ákveðin miðað við tekjuramma og áætlanir um raforkusölu á dreifiveitusvæði félagsins. Áhætta félagsins af tekjuramma felst í því að tekjuramma er reiknaður út frá arðsemi fyrri ára og því kann til skamms tíma að myndast ójafnvægi á milli tekna og útgjalda.

Á grundvelli ákvæði laga um alþjóðlega reikningsskilastaðla er ekki færð skuldbinding vegna hugsanlega oftekinna tekna. Í lok árs 2021 voru vannýttar tekjuheimildir 366 milljónir króna og í lok árs 2022 voru vannýttar tekjuheimildir 209 milljónir.

¹ <https://orkustofnun.is/raforka/raforkueftirlit?urlausnir-raforkueftirlits/akvardanir-orkustofnunar/tekjumork/>

Þann 15. mars 2019 úrskurðaði Samgöngu- og sveitastjórnarráðuneytið að fjármagnskostnaður, sem miða skal við að vatnsgjöld standi undir samanber 10. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga, næði bara til kostnaðar við lánsfé en ekki eigið fé. Þessu eru vatnsveitur í landinu ósammála og hefur síðan úrskurðurinn var kveðinn upp verið reynt að fá lögum breytt til að taka allan vafa en það ekki gengið enn sem komið er. Það liggur þó fyrir að vatnsveitur telja þetta ranga lagatúlkun og eru allflestrar tilbúnar að láta á þetta reyna fyrir dómstólum reynist það nauðsynlegt. Ef úrskurðurinn stendur gæti það haft áhrif á fjárhag og afkomu félagsins.

1.1.3 Stefnumótunaráhætta

Stefnumótunaráhætta er hættan á að viðskiptalegar ákvarðanir, framkvæmd þeirra eða skortur á viðbrögðum við breytingum í rekstrarumhverfi leiði til rekstrartaps. Stefnumótunarvinna núverandi stjórnenda hefur haft það að markmiði að vel sé fylgst með markaðsaðstæðum, rekstrarumhverfi og þeim tækifærum og ógnunum sem þar leynast. Unnið er að sérstakri áhættugreiningu hjá félaginu til þess að kortleggja betur viðbrögð við þeim þáttum sem gætu stefnt afkomu eða öryggi í starfsemi í hættu.

1.1.4 Stjórnunar- og starfsmannaáhætta

Stjórnunar- og starfsmannaáhætta er sú áhætta sem fólgin er í að stjórnun, skipulag og þekking innan félagsins nægi ekki á hverjum tíma til að takast á við þau viðfangsefni sem þarf að leysa. Hjá HS Veitum starfa 92 starfsmenn sem starfa á fjórum starfsstöðum. Ekki er hægt að útiloka að brotthvarf starfsmanna muni hafa áhrif á félagið. Þetta á aðallega við um starfsmenn sem teljast til lykilstarfsmanna, þ.e. starfsmenn sem hafa að geyma ákveðna þekkingu eða reynslu sem er mikilvæg í rekstri félagsins. Ef það kemur til þess að lykilstarfsmenn hætti störfum hjá félaginu er mikilvægt að geta ráðið inn nýja hæfa starfsmenn í þeirra stað. Það getur haft neikvæð áhrif á félagið ef það nær ekki að ráða til sín hæft starfsfólk. Félagið leggur hins vegar upp með það að bjóða upp á samkeppnishæf laun og góð starfsskilyrði.

1.1.5 Áhætta tengd upplýsingatækni

HS Veitur búa yfir öllum nauðsynlegum upplýsingakerfum til að sinna starfsemi sinni. Bilanir í upplýsingakerfum, tölvubúnaði og tengingum geta haft áhrif á starfsemi og afkomu félagsins. Árásir tölvuþrjóta og vírusar gætu einnig orsakað bilanir í kerfum félagsins. Félagið bregst við þessari áhættu með því að vinna samkvæmt svokölluðu SOX verkferli við upplýsingakerfin, sem felur m.a. í sér reglulega afritunartöku og prófun afrita, aðgreiningu starfa, verkferla vegna veitingu aðgangsheimilda, verkferla vegna breytingastjórnunar og neyðaráætlun.

Þrátt fyrir að leitast sé við að lágmarka áhættu vegna upplýsingakerfa er ekki hægt að útiloka að upp komi aðstæður sem valdi félaginu tjóni sem hafi áhrif á rekstur félagsins.

1.1.6 Orðsporsáhætta

Orðsporsáhætta felur í sér hættu á því að slæm umfjöllun um HS Veitur valdi félaginu fjárhagslegu tjóni. Rangar ákvarðanir í starfsemi félagsins eða ef félagið eða aðilar því tengdir fara ekki eftir lögum og reglum eru dæmi um orsakir neikvæðrar umfjöllunar. Ekki er hægt að útiloka að félagið verði fyrir tjóni vegna slíkrar áhættu. Félagið gaf út græn skuldabréf til að fjármagna hæfar grænar eignir undir Grænni fjármögnunarumgjörð. Ef skuldabréfið uppfyllir ekki þær kröfur sem eru gerðar til græns skuldabréfs er hættu á að félagið fái neikvætt umtal meðal skuldabréfaeigenda grænu skuldabréfa félagsins, sem ekki geta lengur flokkað skuldabréfin sem græn skuldabréf. Hætta er á að fjárfestar hörfi frá því að fjárfesta í framtíðar skuldabréfaútgáfum félagsins (ef á við) og getur það haft takmarkandi áhrif á að félagið sækir sér framtíðarfjármögnun á markaði.

1.1.7 Áhætta tengd reikningsskilaaðferðum

Gerð ársreikninga og árshlutareikninga HS Veitna, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS), krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna

að vera frábrugðnar þessu mati. Breytingar á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum eða túlkunum á þeim geta haft áhrif á niðurstöður ársreikninga og árshlutareikninga HS Veitna.

1.1.8 Náttúruhamfarir

Jarðskjálftar og eldgos hafa verið áberandi á Suðurnesjum síðustu tvö ár. Þessar náttúruhamfarir eru ekki taldar ógna veitukerfum HS Veitna með beinum hætti. Aðal áhættan er ef eitthvað kemur fyrir Orkuver HS Orku í Svartsengi sem sér HS Veitum fyrir heitu og köldu vatni á svæðinu og stjórnvöld, sveitarfélög á Suðurnesjum og aðrir hagsmunaaðilar hafa verið að skoða til hvaða mótaðgerða er unnt að grípa. Sömuleiðis skapar skortur á traustum raforkuflutningsinnviðum áhættu í rekstri HS Veitna, eins og bilanir í Suðurnesjalínu og sæstrengnum til Vestmannaeyja hafa sýnt.

1.1.9 Stjórnsýslu-, dóms- og gerðardómsmál

HS Veitur er ekki aðili að neinum stjórnsýslu-, dóms- eða gerðardómsmálum, né hefur verið það sl. 12 mánuði, sem kunna að hafa haft eða hafa að undanförunu haft veruleg áhrif á fjárhagsstöðu félagsins eða arðsemi þess. Þá er félaginu ekki kunnugt um að ný slík mál séu í farvatninu. Yfirlýsing þessi miðast við dagsetningu útgefandalýsingar.

1.1.10 Vátryggingaráhætta

Félagið þarf að greiða lögboðna brunatryggingu sem er ákvörðuð með hliðsjón af brunabótamati. Hækkun iðgjalda þessara skyldutrygginga geta dregið úr arðsemi félagsins og afkomu. Til viðbótar er ekki hægt að ábyrgjast að vátryggingar veiti fullkomna vörn gegn því tjóni sem félagið er að tryggja sig fyrir. Þættir sem geta haft áhrif á það eru m.a. sjálfsábyrgð vátryggingataka, mögulegar undanþágur frá greiðslu tjónabóta, takmarkanir á bótaskyldu eða styrkur tryggingafélags til þess að greiða félaginu tjónið. Auk þess er HS Veitur með lögboðna tryggingu hjá Náttúruhamfaratryggingum Íslands sem bætir tjón á eignum af völdum jarðskjálfta, eldgosá, skriðufalla, snjóflóða og vatnsflóða. Ef félagið þarf að bera kostnað vegna tjóna hefur það neikvæð áhrif á afkomu þess.

1.2 Fjárhagsleg áhætta

1.2.1 Markaðsáhætta

Vaxta- og fjármögnunaráhætta

HS Veitur ber vaxtaáhættu af lántökum sínum og lausafjárstýringu. Breytingar á vöxtum hafa áhrif á vaxtakostnað félagsins sem og virðismat eigna og skulda. HS Veitur getur ekki ábyrgst að lánsfé á sambærilegum kjörum muni standa því til boða í framtíðinni. Aðstæður á mörkuðum með lánsfé geta breyst og ekki er hægt að útiloka að félagið þurfi á fjármögnun að halda á tímum þegar framboð lánsfjár er takmarkað.

Vaxtahækkunir, sem slíkt ástand myndi líklega leiða af sér, hefðu bein áhrif á afkomu og hagnað HS Veitna. Vaxtaáhætta félagsins snýr því fyrst og fremst að áhættu vegna verðlagsbreytinga. Félagið ver sig ekki sérstaklega gegn vaxtabreytingum.

Verðtryggingaráhætta

Lántökur félagsins eru allar verðtryggðar í íslenskum krónum og hafa breytingar á verðlagi (vísitölu neysluverðs) því bein áhrif á eftirstöðvar skulda félagsins. Við verðlagsbreytingar, einkum ef verðlag breytist mikið yfir skamman tíma (þ.e. verðbóluskot), getur orðið frávik milli þróunar verðlags og gjaldskrár sem hefur neikvæð áhrif á rekstrarafkomu félagsins. Sögulega hefur slíkt misræmi leiðrétt sig í kjölfar verðbóluskots og neikvæðu áhrifin á rekstrarafkomu félagsins því verið tímabundin.

1.2.2 Mótaðilaáhætta

Mótaðilaáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi ef viðskiptamaður eða mótaðili í fjármálagerningi getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar og tryggingar sem kunna að hafa verið teknar fyrir kröfum duga ekki fyrir eftirstöðvum þeirra. Í starfsemi HS Veitna er mótaðilaáhætta helst vegna lausafjárstýringar og lánsáhætta vegna viðskiptamanna.

Lánsáhætta vegna viðskiptamanna ræðst einkum af fjárhagsstöðu og starfsemi einstakra viðskiptamanna. Flestir viðskiptamenn félagsins hafa átt í áralöngum viðskiptum við félagið og forvera þess og tapaðar viðskiptakröfur hafa verið óverulegar í hlutfalli af veltu. Við stýringu lánsáhættu vegna viðskiptamanna er einkum horft til aldurs krafna og fjárhagsstöðu einstakra viðskiptamanna. Viðskiptakröfur og aðrar kröfur félagsins eru á einstaklinga og fyrirtæki. Félagið myndar niðurfærslu í efnahagsreikningi vegna áætlaðrar virðisrýrnunar viðskiptakrafna, annarra krafna og fjárfestinga. Niðurfærslan er í meginatriðum sérstök niðurfærsla vegna einstakra viðskiptamanna og sameiginleg niðurfærsla með tilliti til aldurs krafna, sem ekki hefur verið tengd einstökum viðskiptamönnum. Sameiginleg niðurfærsla er ákveðin með tilliti til innheimtusögu sambærilegra krafna. Félagið ávaxtar reiðufé sitt á innlánsreikningum í bönkum eða í peningamarkaðssjóðum. Greiðslufall eða gjaldþrot mótaðila í slíkum fjármálagerningum gæti haft áhrif á fjárhagsstöðu HS Veitna.

Þrátt fyrir að félagið leitist við að takmarka mótaðilaáættu með ofangreindum hætti, er ekki hægt að tryggja að HS Veitur verði ekki fyrir tapi af greiðslufalli mótaðila sem hefði áhrif á rekstur, efnahag og framtíðarhorfur félagsins.

1.3 Ytri áhættuþættir

1.3.1 Áhætta tengd almennu efnahagsumhverfi á Íslandi

Almennt ástand efnahagsmála bæði á Íslandi og erlendis, svo sem hagvöxtur, verðbólga, vaxtastig og gengisskráning krónunnar, hafa áhrif á fjárhagsstöðu fyrirtækja á Íslandi. Gengisskráning krónunnar hefur áhrif á verðbólgu. Verðbólga hefur áhrif á verð vöru og þjónustu og þar með rekstrarkostnað og gjöld sem félagið þarf að standa skil á. Verðbólga, og væntingar þar um, hafa áhrif á vaxtastig og þar af leiðandi fjármagnskostnað fyrirtækja og ávöxtunarkröfu eigna. Aukin verðbólga getur haft umtalsverð áhrif á félagið, sérstaklega til skemmri tíma litið þar sem breytingar á gjaldskrá eru alltaf nokkuð eftir á.

1.3.2 Lagaleg áhætta

Um starfsemi HS Veitna gilda lög nr. 2/1995 um hlutafélög, raforkulög nr. 65/2003 og lög um ársreikninga nr. 3/2006. HS Veitur hafa einkaleyfi á starfsemi sinni. Einkaleyfi til starfrækslu hitaveitu grundvallast á 30. gr. laga nr. 58/1967, orkulögum. Einkaréttur til reksturs vatnsveitu grundvallast á lögum nr. 15/1923, vatnalögum, einkum á greinum 25, 26 og 27. Einkaréttur til dreifingar raforku grundvallast á 13. gr. laga nr. 65/2003. Verði breytingar á lögum þannig að einkaleyfi útgefanda verði fellt niður eða ógilt hafa eigendur skuldabréfa í HS Veitum hf. rétt til gjaldfellingar. Skattalög svo sem lög nr. 90/2003, um tekjuskatt og lög nr. 50/1988, um virðisaukaskatt og reglugerðir settar á grundvelli fyrrgreindra laga gilda einnig um félagið.

HS Veitum ber að fylgja lögum, reglugerðum og reglum sem gilda um útgefendur verðbréfa sem tekin hafa verið til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland. Því gilda reglur nr. 320/2022 um aðgerðir gegn markaðssvikum, reglur 1470/2021 um upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfa, og reglugerð nr. 1267/2021, um upplýsingagjöf og tilkynningarskyldu samkvæmt lögum nr. 20/2021, um upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfa og flöggunarskyldu. Að auki gilda einnig reglur fyrir útgefendur fjármálagerninga sem gefnar voru út af Nasdaq Iceland, eins og þær eru á hverjum tíma, í samræmi við lög nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga. Alvarleg brot á umræddum lögum og reglum gætu leitt til þess að Nasdaq Iceland tæki verðbréf útgefin af félaginu úr viðskiptum.

Fyrrgreind lög geta, eins og önnur lög, tekið breytingum með neikvæðum afleiðum fyrir félagið. Ef kemur í ljós að starfsemi útgefanda uppfyllir ekki þær kröfur sem gerðar eru í lögum og reglum kann það að hafa neikvæð áhrif á rekstur félagsins, til að mynda þar sem orðspor félagsins bíður hnekki, félagið fær á sig fjársektir eða önnur viðurlög, eftirlitsaðilar grípa til annarra íþyngjandi úrræða gagnvart félaginu. Þá er sá möguleiki jafnframt fyrir hendi að sett verði ný lög sem útgefandi verður að lúta.

HS Veitur kann að verða aðili að dómsmálum eða kröfugerðum af hendi þriðja aðila. Ekki er hægt að útiloka að dómsúrskurðir eða stjórnvaldsákvarðanir verði félaginu óhagfelldir.

Framangreint gæti haft áhrif á starfsemi félagsins til lengri eða skemmri tíma. Slíkar breytingar gætu leitt til taps fyrir félagið eða með öðrum hætti haft neikvæð áhrif á arðsemi þess eða lagalega stöðu. Útgefandi getur ekki eðli máli samkvæmt ábyrgst áhrif lagabreytinga, dómsúrskurða eða annarra stjórnvaldsákvarðana.

1.3.3 Skattaleg áhætta

HS Veitur er íslenskt hlutafélag og ber sem slíkt ótakmarkaða skattskyldu á Íslandi, sbr. 2. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt. Skattlagning á tekjur lögaðila sbr. lög nr. 90/2003 um tekjuskatt, ásamt lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, eru dæmi um skattheimtu sem máli skiptir fyrir útgefanda. Breytingar á lögum og reglum varðandi beina og óbeina skattheimtu lögaðila geta haft áhrif og dregið úr arðsemi útgefanda og þar með hæfni hans til að standa við skuldbindingar sínar.

1.3.4 Pólitísk áhætta

Sú hætta er til staðar að stjórnvöld breyti lögum, reglum eða stjórnsluframkvæmd með þeim hætti að það hafi neikvæð áhrif á rekstur og afkomu félagsins. Breytingar er varða t.d. auðlinda- og orkusvið, skatta og eftirlit, gætu haft jákvæð eða neikvæð áhrif á félagið. Enn fremur gætu hugmyndir að lagabreytingum eða umræður um þær mögulega haft áhrif á starfsumhverfi félagsins. Pólitískur óstöðugleiki gæti þannig mögulega haft neikvæð eða jákvæð áhrif á rekstur, efnahag og framtíðarhorfur félagsins.

2 Upplýsingar um útgefandann

2.1 Útgefandi

<i>Lögformlegt heiti/viðskiptaheiti:</i>	HS Veitur hf. /HS Veitur
<i>Kennitala:</i>	431208-0590
<i>Félagagform:</i>	Hlutafélag, skráð á Íslandi í samræmi við lög um hlutafélög nr. 2/1995
<i>Stofndagur:</i>	1. desember 2008
<i>Höfuðstöðvar og lögheimili:</i>	Brekustígur 36, 260 Reykjanesbær, Ísland
<i>Vefsíða:</i>	www.hsveitur.is ²
<i>Símanúmer:</i>	+354 422 5200
<i>LEI auðkenni:</i>	5493001WFODO2B8KWD84

2.2 Starfsemi

Útgefandi er HS Veitur hf., kt. 431208-0590, Brekkustíg 36, 260 Reykjanesbæ. Félagið var stofnað þann 1. desember 2008 í kjölfar skiptingar Hitaveitu Suðurnesja hf. í tvö sjálfstæð fyrirtæki, HS Orku hf. og HS Veitur hf. Tilgangur félagsins samkvæmt 3. gr. í gildandi samþykktum þess er rekstur og eignarhald á dreifiveitum fyrir raforku, kalt og heitt vatn.

Starfsstöðvar félagsins eru á Suðurnesjum, Hafnarfirði, Árborg og Vestmannaeyjum. Í veitustarfseminni felst að tengja notendur við dreifikerfið. Í heitaveitu er dreifing og sala á heitu vatni sem keypt er af HS Orku hf. fyrir Suðurnes, og framleitt í kyndistöð/varmadælustöð fyrir Vestmannaeyjar. Dreifing og sala á ferskvatni er í meginatriðum keypt af HS Orku hf. fyrir Suðurnes, auk vatnsöflunar frá borholum og vatnslindum fyrir Vestmannaeyjar. Dreifiveita tekur við rafmagni frá flutningskerfi Landsnets og dreifir til viðskiptavina. Fyrirætlanir fyrirtækisins byggjast á getu til að þjóna vaxandi þörfum viðskiptavina með uppbyggingu og styrkingu veitukerfa. Hagkvæmni í rekstri sem skilar viðskiptavinum aukinni hagkvæmni sem byggist m.a. á sjálfvirknivæðingu og löngum líftíma virkja og samstarfi við notendur til að draga úr áhrifum truflana og auðvelda aðgang að þjónustu. Félagið hefur starfað eftir ISO 9001 gæðastjórnunarkerfinu síðan í byrjun árs 2019 og úttektir hafa verið framkvæmdar á gæðastjórnunarkerfinu af breska vottunarfélaginu BSI og hefur félagið staðist þær úttektir sem framkvæmdar hafa verið.

Tafla 2-1: Þjónusta eftir sveitarfélögum og starfssvæðum

Þjónustusvæði	Raforka (dreifing)	Heitt vatn (dreifing & sala)	Kalt vatn (dreifing & sala)
Reykjanesbær	✓	✓	✓
Grindavík	✓	✓	
Ásbrú	✓	✓	✓
Keflavíkurflugvöllur	✓	✓	✓
Sandgerði	✓	✓	(heildsala)
Garður	✓	✓	✓
Vogar	✓	✓	(heildsala)

² Upplýsingar á vefsetri eru ekki hluti lýsingarinnar nema þær upplýsingar sem felldar eru inn í lýsinguna með tilvísun

Hafnir	✓	✓	✓
Hafnafjörður	✓		
Garðabær (að hluta)	✓		
Álftanes	✓		
Vestmannaeyjar	✓	✓	✓
Árborg	✓		

HS Veitur hf. hafa einkaleyfi til reksturs hitaveitu á Suðurnesjunum og í Vestmannaeyjum. Um einkaleyfið gilda ákvæði orkulaga nr. 58/1967.

HS Veitur hf. reka ferskvatnsveitu fyrir hönd Reykjanesbæjar, Garðs, Vestmannaeyja auk hluta Keflavíkurflugvallar. Þá aflar félagið vatns fyrir fyrrgreinda aðila auk Sandgerðis og Voga. Um vatnsveitu gilda ákvæði laga nr. 32/2005, um vatnsveitur sveitafélaga. Einkaréttur til reksturs vatnsveitu grundvallast á lögum nr. 15/1923, vatnalögum, einkum á greinum 25, 26 og 27. Einkaréttur til dreifingar raforku grundvallast á 13. gr. laga nr. 65/2003.

Áður útgefnir flokkar HS Veitna sem skráðir eru á aðalmarkað Nasdaq Iceland eru HSVE 1301, með lokagjalddaga árið 2033, og HSVE 310138, með lokagjalddaga árið 2038.


2.2.1 Ágrip af sögu félagsins

Félagið var stofnað árið 2008 þegar Hitaveita Suðurnesja hf. var lögð niður þar sem samþykkt voru lög nr. 58/2008, um breytingu á nokkrum lögum á auðlinda- og orkusviði í maí 2008. Samkvæmt lögnum bar Hitaveitu Suðurnesja að aðskilja formlega í sérstökum félögum einkaleyfisstarfsemi og samkeppnisstarfsemi. Við hlutverki Hitaveitu Suðurnesja hf. tóku tvö sjálfstæði fyrirtæki, HS Orka sem sér um framleiðslu og sölu á raforku og HS Veitur sem sér um sölu og dreifingu á heitu vatni, köldu vatni og raforku. Lögformlegur aðskilnaður HS Orku og HS Veitna miðast við 1. júlí 2008 og er miðað við þá dagsetningu í skiptingaráætlun. Stofndagur HS Veitna var 1. desember 2008 en þann dag var skiptingaráætlunin samþykkt af stjórn Hitaveitu Suðurnesja. Bókhaldslegum og stjórnunarlegum aðskilnaði lauk hins vegar ekki fyrr en 31. desember 2008.

Hitaveita Suðurnesja á sér langa sögu og var stofnuð árið 1974 í þeim tilgangi að virkja jarðhita í Svartsengi og annars staðar á Reykjanesi, leggja aðveituaðar og dreifikerfi til þéttbýliskjarna á Suðurnesjum og selja heitt vatn til notenda. Félagið var stofnað á grundvelli laga nr. 100/1974, um Hitaveitu Suðurnesja en stofnendur voru ríkissjóður og sjö sveitarfélög á Suðurnesjum. Áður hafði verið unnið að rannsóknum á möguleikum til hitaveitu og undirbúningi að stofnun félagsins á vegum sveitarfélaga á Suðurnesjum og Orkustofnunar.

Ítarlegar upplýsingar um sögu félagsins má nálgast á vefsetri félagsins á eftirfarandi slóð: <https://www.hsveitur.is/um-okkur/sagan/>.

2.2.2 Skipurit



2.3 Stjórnarhættir, stjórn, framkvæmdastjórn og endurskoðunarnefnd

2.3.1 Stjórnarhættir

Stjórn HS Veitna hf. hefur sett sér starfsreglur þar sem valdsvið hennar er skilgreint og verksvið gagnvart forstjóra. Í þeim er meðal annars að finna reglur um fundarsköp, fundargerðir stjórnar, þagnar- og trúnaðarskyldu auk reglna um hæfi stjórnarmanna til þátttöku við afgreiðslu mála. Þar eru einnig að finna reglur um upplýsingagjöf forstjóra gagnvart stjórn og ákvörðunarvald stjórnar. Stjórn HS Veitna hf. fær a.m.k. ársfjórðungslega skýrslu yfir framgang stærstu fjárfestingarverkefna félagsins hverju sinni. Skýrslan skal innihalda upplýsingar um frávik frá kostnaðar- og tímaáætlunum sem og umfjöllun þar um. Skýrslan er kynnt endurskoðunarnefnd og er henni falið að veita umsögn um skýrsluna sem lögð skal fyrir samhliða skýrslunni sjálfri á stjórnarfundum félagsins.

Stjórnendur félagsins viðhafa virkt eftirlit með áhættuþáttum sem hafa áhrif á rekstur og afkomu félagsins, með það að markmiði að styðja við árangur og skilvirkni í starfsemi. Eftirlit þetta er samfíð daglegum rekstri félagsins og störfum stjórnenda. Til að tryggja að reikningshald félagsins séu í samræmi við lög og alþjóðlega reikningskilastaðla (IFRS) hefur félagið lagt áherslu á vel skilgreind ábyrgðarsvið og viðunandi aðgreiningu starfa. Á hverjum stjórnarfundum er lögð fram skýrsla um starfsemi félagsins frá síðasta stjórnarfundum auk mánaðarlegra uppgjöra sem er mikilvægur þáttur í eftirliti með afkomu og öðrum lykilþáttum í starfsemi félagsins. Stjórn hefur sett reglu um lágmarkseiginfjárlutfall til að tryggja rekstraröryggi félagsins.

2.3.2 Yfirlýsing um stjórnarhætti

Stjórnarhættir félagsins taka mið af þeim lögum sem og Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja (6. útgáfa), sem finna má á heimasíðu Viðskiptaráðs Íslands, www.vi.is, gefnum út af Viðskiptaráði Íslands í samstarfi við Samtök atvinnulífsins og Nasdaq Iceland, samþykktum félagsins, starfsreglum stjórnar og undirnefnda. Félagið fylgir leiðbeiningum Viðskiptaráðs í öllum meginatriðum, með þeirri undantekningu að stjórn hefur ekki talið þörf á að skipa tilnefningarnefnd. Félagið er með starfskjarastefnu en hún er aðgengileg á heimasíðu félagsins.

2.3.3 Stjórn

Stjórn félagsins stýrir öllum málefnum félagsins milli hluthafafunda og gætir hagsmuna þess gagnvart þriðja aðila. Stjórn félagsins er skipuð sjö einstaklingum, kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn.

Jafnframt eru þrír varamenn sem taka sæti í stjórn í forföllum stjórnarmanna. Undirskrift meirihluta stjórnarmanna skuldbindur félagið.

Stjórn félagsins var kjörin á aðalfundi þann 23. mars 2023 og eiga eftirtaldir sæti í henni:

Formaður stjórnar

<i>Nafn:</i>	Jóhann Friðrik Friðriksson
<i>Fyrst kjörinn:</i>	Mars 2023
<i>Reynsla og menntun:</i>	Jóhann Friðrik er fæddur árið 1979. Hann er með BA gráðu í lýðheislúvísindun frá Suður Karólínu háskóla í Bandaríkjunum og mastersgráðu í lýðheilsuvísindum frá sama skóla. Jóhann Friðrik er þingmaður Framsóknarflokks og fyrrverandi framkvæmdastjóri Keilis, miðstöðvar vísinda, fræða og atvinnulífs. Jóhann Friðrik er fyrrverandi forseti bæjarstjórnar í Reykjanesbæ og bæjarfulltrúi 2018-2022. Jóhann Friðrik situr í stjórn Nexis ehf. sem er að fullu í hans eigu. Enginn starfsemi er hjá félaginu.
<i>Starfsstöð:</i>	Alþingi
<i>Eignarhlutur í HS Veitum:</i>	Jóhann Friðrik á ekki eignarhlut í HS Veitum hf.
<i>Hagsmunir:</i>	Jóhann Friðrik hefur engin hagsmunatengsl við viðskiptaaðila eða samkeppnisaðila HS Veitna hf. Jóhann telst óháður félaginu.

Varaformaður stjórnar

<i>Nafn:</i>	Heiðar Guðjónsson
<i>Fyrst kjörinn:</i>	Apríl 2014
<i>Reynsla og menntun:</i>	Heiðar er fæddur árið 1972 og er menntaður hagfræðingur (B.Sc.) frá Háskóla Íslands. Heiðar hefur unnið á fjármálamarkaði frá útskrift, hjá Fjárvangi, Íslandsbanka, Kaupþingi New York og Novator, en frá árinu 2009 hjá eigin fjárfestingafélagi, Ursus ehf. Heiðar var forstjóri Sýnar á árunum 2019-2022. Heiðar situr í stjórn eftirfarandi félaga: <ul style="list-style-type: none">• Ursus I GP ehf.• Svarta Svipan ehf.• Svartárvirkjun ehf.• Qerndu ehf.• HSV eignarhaldsfélag slhf.• Innviðir fjárfestingar slhf. Heiðar hefur ekki unnið önnur störf fyrir HS Veitur hf. en að sitja í stjórn og endurskoðunarnefnd.
<i>Starfsstöð:</i>	Túngata 5, 101 Reykjavík
<i>Eignarhlutur í HS Veitum:</i>	Heiðar á hlut í HSV eignarhaldsfélagi slhf. og í Innviðum fjárfestingum sem eru beint hluthafar í HS Veitum hf. og telst því háður félaginu.

Hagsmunir: Heiðar hefur engin hagsmunatengsl við viðskiptaaðila eða samkeppnisaðila HS Veitna hf.

Stjórnarmaður

Nafn: Guðný Birna Guðmundsdóttir

Fyrst kjörin: Janúar 2015

Reynsla og menntun: Guðrún Birna er fædd árið 1982 og er með B.Sc. gráðu í hjúkrunarfræði frá Háskólanum á Akureyri, M.Pa í opinberri stjórnslu og MBA gráðu í viðskiptafræði. Hún starfar sem bæjarfulltrúi í Reykjanesbæ. Guðný Birna starfaði lengst af á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja sem almennur hjúkrunarfræðingur og síðar sem deildarstjóri bráðamóttöku. Hún starfaði sem hjúkrunarforstjóri hjá Reykjavíkurborg 2021-2022 og hefur verið bæjarfulltrúi hjá Reykjanesbæ frá 2014. Guðný Birna á situr í stjórnnum eftirtalinna félaga:

- Formaður Fræðsluráðs Reykjanesbæjar
- Varaformaður stjórn samtaka orkusveitarfélaga
- Stjórn FKA Suðurnes
- Varaformaður stjórnar Samfylkingarinnar í Reykjanesbæ
- Stjórn sveitastjórnarráðs samfylkingarinnar.

Guðný Birna hefur ekki unnið önnur störf fyrir félagið en stjórnarstörf og setu í endurskoðunarnefnd 2015-2021.

Starfsstöð: Iðavellir, 230 Reykjanesbær

Eignarhlutur í HS Veitum: Guðný Birna á ekki eignarhlut í HS Veitum hf.

Veitum:

Hagsmunir: Guðný Birna hefur ekki hagsmunatengsl við hluthafa, viðskiptaaðila eða samkeppnisaðila félagsins, önnur en að vera bæjarfulltrúi hjá Reykjanesbæ og telst því óháð HS Veitum.

Stjórnarmaður

Nafn: Friðjón Einarsson

Fyrst kjörinn: Fyrst árið 2011 og síðan aftur í mars 2023

Reynsla og menntun: Friðjón er fæddur árið 1956 og er formaður bæjarráðs í Reykjanesbæ. Friðjón er með B.ed. gráðu auk Masters gráðu frá Salve Regina University, Newport RI, USA. Hann var áður framkvæmdastjóri hjá Reykjanesbæ árin 1995-2000, síðar framkvæmdastjóri hjá Festu, lífeyrissjóð árin 2000-2006 og deildarstjóri hjá Kaupthing Bank, Luxembourg, með ábyrgð á markaðs- og kynningarmálum árin 2006-2010. Friðjón hefur verið bæjarfulltrúi hjá Reykjanesbæ frá árinu 2010.

Friðjón situr í stjórnnum eftirfarandi félaga:

- Stjórnarformaður í Jöfnunarsjóði Ríkisins
- Stjórnarformaður hjá Brunavörnum Suðurnesja
- Stjórnarformaður hjá Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum.

Starfsstöð: Tjarnargata 12, 230 Reykjanesbær

Eignarhlutur í HS Veitum: Friðjón á ekki eignarhlut í HS Veitum hf.

Hagsmunir: Friðjón hefur ekki hagsmunatengsl við hluthafa, viðskiptaaðila eða samkeppnisaðila félagsins, önnur en að vera bæjarfulltrúi hjá Reykjanesbæ og telst því óháður HS Veitum.

Stjórnarmaður

Nafn: Margrét Sanders

Fyrst kjörin: Mars 2019

Reynsla og menntun: Margrét er fædd árið 1959 og er með MBA gráðu, háskólanám í viðskiptafræði og með B.Ed. gráðu. Hún starfar sem rekstrarráðgjafi og eigandi Strategíu ehf. Margrét var áður formaður Samtaka verslunar og þjónustu í 5 ár, framkvæmdastjóri Deloitte ehf. í 17 ár auk þess að hafa starfað við kennslu og stjórnun í 15 ár. Margrét situr í stjórnnum eftirtalinna félaga:

- RIO Tinto á Íslandi (situr einnig í endurskoðunarnefnd)
- VHE ehf.
- Endurskoðunarnefnd Keilis
- Amerísk íslenska viðskiptaráðið
- Samband íslenskra sveitarfélaga
- Bæjarráð og bæjarstjórn Reykjanesbæjar

Margrét vinnur ekki önnur störf fyrir HS Veitur en felast í stjórnarsetu og setu í endurskoðunarnefnd.

Starfsstöð: Kringlunni 7, 103 Reykjavík

Eignarhlutur í HS Veitum: Margrét á ekki eignarhlut í HS Veitum hf.

Hagsmunatengsl: Margrét hefur ekki tengsl við viðskiptaaðila og samkeppnisaðila félagsins. Margrét situr í bæjarstjórn og bæjarráði Reykjanesbæjar sem er stærsti hluthafi HS Veitna hf. Margrét telst óháð HS Veitum hf.

Stjórnarmaður

Nafn: Ómar Örn Tryggvason

Fyrst kjörinn: Mars 2020

Reynsla og menntun: Ómar Örn er fæddur árið 1970 og er með B.Sc. próf í fjármálafræði frá University of South Carolina. Frá 2013 hefur Ómar verið forstöðumaður sértækra fjárfestinga hjá Summu og framkvæmdastjóri Innviða fjárfestinga slhf. og Innviða fjárfestinga II slhf. Áður var Ómar sjálfstætt starfandi frá 2011 - 2012, hjá Öldu Eignastýringu frá 2011 - 2012 og á árunum 2001 - 2009 starfaði Ómar hjá Kaupþingi, sem sjóðstjóri Frjálsa lífeyrissjóðsins og annarra lífeyrisafurða, sem forstöðumaður sérhæfðra fjárfestinga og forstöðumaður sjóðastýringar hjá Rekstrarfélagi

Kaupþings. Þá var hann forstöðumaður eigin viðskipta og fjárstýringar hjá Íslandsbanka frá 1997 - 2001 og sérfræðingur á peningamálasviði Seðlabanka Íslands frá 1995 - 1997.

Ómar situr m.a. í stjórnnum eftirfarandi félaga:

- HSV eignarhaldsfélag slhf.
- KFM eignarhaldsfélag slhf.
- Megind ehf.
- Sunnuvellir slhf.
- Verðbréfamíðstöð Íslands hf.
- Volcano Finance ehf.

Ómar hefur ekki unnið fyrir félagið fyrir utan stjórnarstörf.

Starfsstöð: Tjarnargata 4, 101 Reykjavík

Eignarhlutur í HS Veitum: Ómar á ekki eignarhlut í HS Veitum hf.

Hagsmunatengsl: Engin hagsmunatengsl eru við helstu viðskiptaaðila eða samkeppnisaðila félagsins eða stóra hluthafa í félaginu. Ómar Örn telst óháður félaginu.

Stjórnarmaður

Nafn: Kristín Erla Jóhannsdóttir

Fyrst kjörin: Maí 2022

Reynsla og menntun: Kristín Erla er fædd árið 1979 og með B.Sc. gráðu í viðskiptafræði með áherslu á fjármál frá Háskóla Íslands, Diplómanám í spænskum fræðum frá Háskólanum í Salamanca. Hún er með próf í kauphöll (Nasdaq) 2011, ACI-próf (Gjaldeyrismiðlun og afleiður) 2007, námskeið í tæknigreiningu (e. technical analysis) 2007, SWAP-námskeið 2006, námskeið í Eigna- og skuldastýringu 2005 og próf í verðbréfaviðskiptum. Hún er að ljúka M.Sc. námi í fjármálum fyrirtækja frá Háskólanum í Reykjavík. Kristín Erla hefur starfað á fjármálamarkaði síðan að hún hóf nám í viðskiptafræði, nú síðast sem forstöðumaður Eignastýringar Landsbankans (2015 til 2021). Áður, á árunum 2001 til 2014 starfaði hún við miðlun, í eigin viðskiptum, í fjárstýringu, á fjármálasviði og hagdeild Arion banka og forverum hans. Kristín Erla á sæti í stjórnnum eftirtalinn félaga:

- Hlér ehf.
- Innviðasjóði II.
- Kaldalóni hf.

Starfsstöð: Breiðakri 17, 210 Garðabær

Eignarhlutur í HS Veitum: Kristín Erla á ekki eignarhlut í HS veitum hf.

Hagsmunir: Engin hagsmunatengsl eru við helstu viðskiptaaðila eða samkeppnisaðila félagsins eða stóra hluthafa í félaginu. Kristín Erla telst óháð félaginu.

2.3.4 Framkvæmdastjórn

Stjórn félagsins ræður forstjóra sem, ásamt framkvæmdastjórn, ber ábyrgð á daglegum rekstri félagsins og kemur fram fyrir þess hönd í öllum málum sem varða venjulegan rekstur. Forstjóri sér um reikningshald og ráðningu starfslíðs. Forstjóra ber að hlíta fyrir mælum stjórnar og veita stjórnarmönnum og endurskoðendum allar upplýsingar um rekstur félagsins sem þeir kunna að óska og veita ber samkvæmt lögum.

Forstjóri

Nafn: Páll Erland

Menntun og reynsla: Páll Erland er forstóri HS Veitna. Hann var áður framkvæmdastjóri Samorku frá 2017-2021, framkvæmdastjóri Orku náttúrunnar frá 2014-2017, framkvæmdastjóri virkjana og sölu hjá Orkuveitur Reykjavíkur frá 2012-2013 og framkvæmdastjóri veitureksturs Orkuveitu Reykjavíkur frá 2006-2011. Páll er með MBA gráðu frá Rockford University í Bandaríkjunum og með BS gráðu í stjórnun og viðskiptum frá sama háskóla.

Starfsstöð: Brekkustígur 36, 260 Reykjanesbæ

Sviðsstjóri fjármálasviðs

Nafn: Gunnlaugur Kárason

Menntun og reynsla: Gunnlaugur hefur verið sviðsstjóri fjármálasviðs HS Veitna frá 2015. Á árunum 2010-2015 var hann viðskiptastjóri fyrirtækja í Landsbankanum. Hann var deildarstjóri hjá Reykjanesbæ árin 2008-2010 og viðskiptastjóri fyrirtækja í SPRON 2007-2008. Gunnlaugur er viðskiptafræðingur að mennt og útskrifaðist árið 2009 frá Viðskiptaháskólanum á Bifröst með M.Sc. gráðu í alþjóðaviðskiptum.

Starfsstöð: Brekkustígur 36, 260 Reykjanesbæ

Sviðsstjóri rafmagnssviðs

Nafn: Egill Þorsteinn Sigmundsson

Menntun og reynsla: Egill hefur verið sviðsstjóri rafmagnssviðs HS Veitna frá 1998. Hann var deildarstjóri tæknideildar hjá Orkubúi Vestfjarða á árunum 1987-1998 og deildartæknifræðingur á teiknideild hjá Orkubúi Vestfjarða 1985-1987. Þar áður vann hann í tölvudeild Heimilistækja hf. og var rafvirki hjá Eiríki Jónassyni rafverktaka 1974-1980. Egill lauk sveinsprófi í rafvirkjun árið 1978, nam rafmagnstæknifræði við Tækniskóli Íslands 1978-1981 og útskrifaðist árið 1984 frá Odense Teknikum með B.Sc. í rafmagnstæknifræði.

Starfsstöð: Brekkustígur 36, 260 Reykjanesbæ

Sviðsstjóri vatnssviðs

Nafn: Svanur Árnason

Menntun og reynsla: Svanur hefur verið sviðsstjóri vatnssviðs HS Veitna hf. frá 2016. Hann var yfirverkfræðingur vatns- og fráveitusviðs Eigersund Kommune árin 2013-2016. Árin 2002-2008 var hann sjálfstætt starfandi píulagningarmaður og var sjómaður árin 1993-2002. Svanur lauk námi í byggingatæknifræði árið 2012 frá VIA í Horsens í Danmörku.

Starfsstöð: Brekkustígur 36, 260 Reykjanesbæ

Engir hugsanlegir hagsmunaárekstrar eru á milli skyldustarfa ofangreindra stjórnarmanna og stjórnenda útgefanda og persónulegra hagsmuna þeirra og/eða annarra skyldustarfa. Ekki er um að ræða nein óvenjuleg viðskipti né nokkurs konar lánafyrirgreiðslu útgefanda við rekstraraðila, stjórnarmenn, starfsmenn eða endurskoðendur rekstraraðila.

2.3.5 Endurskoðunarnefnd

Í endurskoðunarnefnd HS Veitna hf. sitja þrír nefndarmenn sem skipaðir eru af stjórn félagsins til eins árs í senn. Stjórn leggur áherslu á að til nefndarstarfa veljist hæfir einstaklingar, sem hafa reynslu og þekkingu sem nýtist í starfsemi félagsins. Nefndin hefur sett sér starfsreglur sem yfirfarnar eru og bornar upp til staðfestingar í stjórn árlega. Hlutverk nefndarinnar er m.a. að tryggja gæði ársreikninga og annarra fjárhagsupplýsinga og óhæði endurskoðenda þess. Endurskoðunarnefnd yfirfer einnig stjórnarháttayfirlýsingu ár hvert. Endurskoðunarnefnd hefur eftirlit með því að stjórn félagsins tryggi með stefnu sinni og verklagsreglum að félagið hafi skjalað innra eftirlit á þann hátt að innleiddar eftirlitsaðgerðir séu tengdar þeim áhættum sem þeim er ætlað að verja eða draga úr, auk þess að það beri með sér hvert markmið með eftirlitinu er. Nefndin yfirfer með stjórnendum, og ytri endurskoðendum eftir þörfum, hvort innra eftirlit og áhættustýring virki sem skyldi. Endurskoðunarnefnd skilar stjórn árlegri skýrslu um störf sín. Eftirfarandi stjórnarmenn sitja í endurskoðunarnefnd:

- Margrét Sanders
- Heiðar Guðjónsson
- Friðjón Einarsson

Starfsreglur stjórnar og endurskoðunarnefndar má nálgast á vefsíðu félagsins www.hsveitur.is.

2.3.6 Hlutfé

Heildarhlutfé félagsins samkvæmt samþykktum þess er 724.800.000 krónur á dagsetningu þessarar útgefandalýsingar. Hlutfénu er skipt í jafnmarga hluti hver að fjárhæð ein króna að nafnverði. Allir hlutir hafa jafnan rétt miðað við fjárhæð. Allir útgefnir hlutir í félaginu eru greiddir og teljast þeir allir til hlutafjár. Eitt atkvæði fylgir hverri krónu hlutafjár, auk réttar til arðgreiðslu. Félagið má ekki eiga sjálft meira en 10% af eigin hlutfé og þá aðeins samkvæmt heimild hluthafafundar til handa félagsstjórn. Eigin hlutir félagsins njóta ekki atkvæðisréttar. Réttindi hluthafa í útgefanda eru háð gildandi löggjöf og samþykktum hans á hverjum tíma.

2.3.7 Hluthafar

Hluthafar í félaginu á dagsetningu þessarar lýsingar eru þrír talsins og eru eftirfarandi:

Tafla 2-2: Hluthafar HS Veitna

Hluthafi	Hluttur	Fjöldi hluta
Reykjanesbær	50,1%	363.124.800
HSV Eignarhaldsfélag slhf.	49,8%	360.950.400

Suðurnesjabær	0,1%	724.800
---------------	------	---------

Útgefanda er ekki kunnugt um annað eignarhald en að framan greinir eða að honum sé stjórnað af öðrum aðilum en greint hefur verið frá í töflu 2-2. Þá er útgefanda heldur ekki kunnugt um að neitt fyrirkomulag sé fyrir hendi sem síðar gæti haft í för með sér breytingar á yferráðum yfir útgefanda. HS Veitur hf. eru í meirihlutaeigu opinberra aðila í samræmi við lög nr. 58/2008.

3 Fjárhagsupplýsingar

Sögulegar fjárhagsupplýsingar í lýsingunni ná yfir tímabilið 1. janúar 2021 – 31. desember 2022. Ársreikninga og árshlutareikninga HS Veitna fyrir árin 2021 og 2022 má finna í kafla 4.2 „*Skjöl felld inn með tilvísun*“, ásamt skýringum, skýrslu stjórnar og áritun óháðs endurskoðanda.

Ársreikningar félagsins eru gerðir í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS), eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu, sbr. reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1606/2002 um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla og hafa lagagildi á Íslandi skv. lögum nr. 3/2006, um ársreikninga. Fyrirgreindir endurskoðaðir ársreikningar hafa verið felldir inn með tilvísun og skoðast sem órjúfanlegur hluti af lýsingunni.

Ekki hafa orðið neinar verulegar óæskilegar breytingar á framtíðarhorfum útgefanda frá dagsetningu síðustu birtu endurskoðuðu reikningsskila. Engar verulegar breytingar á fjárhagslegri afkomu eða fjárhagsstöðu útgefanda hafa átt sér stað frá lokum síðasta fjárhagstímabils þann 31. desember 2022 til dagsetningar útgefandalýsingar þessarar.

3.1 Samandregnar fjárhagsupplýsingar

Rekstrartekjur HS Veitna námu 6.663 m.kr. árið 2022 samanborið við 8.063 m.kr. árið áður. Heildarhagnaður ársins hjá HS veitum á árinu 2022 nam 2.086 m.kr., samanborið við 947 m.kr. árið 2021. Helstu breytingar eru hækkun fjármagnskostnaðar (520 m.kr.), hækkun orkukaupa (172 m.kr.), auknar tekjur af raforkusölu (484 m.kr.) og vatnsorkusölu (215 m.kr.) ásamt endurmati (1.280 m.kr.).

Samkvæmt efnahagsreikningi eru fastafjármunir HS Veitna hf. þann 31. desember 2022 bókfærðar á 30.742 m.kr. og hækkuðu um 2.137 m.kr. frá ársbyrjun. Fjárfestingar í veitukerfum 2022 námu alls um 1.424 m.kr. þar af vegna raforkudreifingar 1.044 m.kr., vegna sölu og dreifingar á heitu vatni 274 m.kr. og vegna sölu og dreifingar á fersku vatni 105 m.kr. Sambærilegar tölur frá fyrra ári eru eftirfarandi: fjárfestingar í veitukerfum 1.460 m.kr. þar af vegna raforkudreifingar 1.100 m.kr., vegna sölu og dreifingar á heitu vatni 288 m.kr. og vegna sölu og dreifingar á fersku vatni 73 m.kr. Aðrar fjárfestingar svo sem fasteignir, upplýsingakerfi og bifreiðar voru samtals 177 m.kr. á árinu 2022 en 79 m.kr. árið áður og síðan voru seldar bifreiðar fyrir 47 m.kr. en árið áður var seld fasteign fyrir 260 m.kr og bifreiðar fyrir 20 m.kr.

Samkvæmt efnahagsreikningi er eigið fé í árslok 15.202 m.kr. og er eiginfjárlutfall félagsins 44,54%. Stöðugildi námu að meðaltali 97 á árinu 2022 sem er sami fjöldi og árið 2021.

3.2 Mat á eignum

Félagið skiptir varanlegum rekstrarfjármunum og óefnislegum eignum sínum niður á þrjár sjóðskapandi einingar sem eru heitt vatn, ferskvatn og rafmagn. Bókfært verð þeirra eigna í árslok nemur 30.386 milljónum króna eða 89% af efnahagsreikning félagsins. Eignirnar eru færðar samkvæmt endurmatsaðferð og voru eignirnar endurmetnar í lok árs 2022. Endurmat var fært í ársreikning félagsins þann 31. desember 2022 og nam fjárhæð þess 1.600 milljónum króna. Endurmatið byggir á áætluðu fjárstreymi félagsins sem byggir á rauntölum og 5 ára rekstraráætlun félagsins. Fjárstreymisgreining er framkvæmd á hverja og eina sjóðsskapandi einingu, þ.e. rafveitu, hitaveitu og ferskvatn. Í fjárstreyminu er gert ráð fyrir að framtíðarnafnvöxtur á árunum 2023-2027 verði að meðaltali 3,5% út spátímabilið. Ávöxtunarkrafa heildarfjármagns eftir tekjuskatt var að meðaltali 9,2% fyrir allar sjóðsskapandi einingar. Við útreikning á ávöxtunarkröfu var stuðst við ávöxtunarkröfu sambærilegra félaga og miðað er við 45% skuldsetningu á markaðsvöxtunum 6,39% og 1% álag á markaðsvexti.

4 Tilkynning til fjárfesta

Útgefandalýsing þessi er hluti af lýsingu útgefanda dagsettri 29. ágúst 2023, sem varðar umsókn útgefanda um töku skuldabréfaflokksins HSVE 42 1110 til viðskipta á skipulegum markaði Nasdaq Iceland hf., kt. 681298-2829, Laugavegi 182, 105 Reykjavík (hér eftir „**Nasdaq Iceland**“).

Lýsingin er á íslensku og samanstendur af tveimur aðskildum skjölum; útgefandalýsingu þessari, og verðbréfalýsingu dagsettri 29. ágúst 2023. Lýsingin inniheldur þær upplýsingar sem eru nauðsynlegar fjárfestum til þess að þeir geti metið eignir og skuldir, fjárhagsstöðu, afkomu og framtíðarhorfur útgefanda sem og þau réttindi sem fylgja skuldabréfum í flokki HSVE 42 1110.

Útgefandalýsing þessi er gerð í samræmi við lög nr. 14/2020, um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði og reglugerð nr. 274/2020 um framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/980 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1129, að því er varðar sniðmát, efni, athugun og staðfestingu lýsinga sem birta skal þegar verðbréf eru boðin í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði. Útgefandalýsing þessi fylgir ákvæðum um upplýsingagjöf í lýsingum skv. viðauka 7 í framseldri reglugerð (ESB) nr. 2019/980.

Útgefandalýsingu þessa eða önnur skjöl sem eru hluti af útgefandalýsingunni skal ekki dreifa, senda eða miðla á annan hátt til landa eða í löndum þar sem birting krefst frekari skráningaradgerða eða annara aðgerða en þeirra sem íslensk lög og reglugerðir krefjast eða þar sem slíkt bryti í bága við lög eða reglugerðir í viðkomandi landi.

Í sumum lögsagnarumdæmum kunna lög að setja skorður við dreifingu útgefandalýsingarinnar eða annarra skjala sem tilheyra lýsingu útgefanda dagsettri 29. ágúst 2023. Því gerir útgefandi kröfu um að allir viðtakendur kynni sér og hagi athöfnum sínum í samræmi við slík lög og skorður. Útgefandi og Fyrirtækjaráðgjöf Kviku banka hf. sem er umsjónaraðili með töku skuldabréfa HS Veitna hf. til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland, eru ekki skaðabótaskyld vegna dreifingar þriðja aðila á útgefandalýsingunni eða öðrum skjölum sem tilheyra lýsingu útgefanda dagsettri 29.08.2023 í neinni lögsögu.

4.1 Skjöl til sýnis

Lýsing útgefanda dagsett 29. ágúst 2023 samanstendur af tveimur skjölum, útgefandalýsingu þessari og verðbréfalýsingu dagsettri 29.08.2023. Upplýsingar í lýsingunni byggja á aðstæðum og staðreyndum á þeim degi sem lýsingin er undirrituð. Lýsingin er í gildi í 12 mánuði frá staðfestingu hennar að því tilskildi að útbúinn sé viðauki við lýsinguna eins og kveðið er á um í 23. gr. lýsingarreglugerðarinnar, komi fram mikilvægar nýjar upplýsingar, veigamikil misstök eða ónákvæmni er varða upplýsingar í lýsingunni, sem máli geta skipt við mat á verðbréfunum og koma fram á tímabilinu frá því að lýsingin var staðfest og þar til útboði lýkur, eða ef við á, þegar viðskipti á skipulegum verðbréfamarkaði hefjast. Viðaukinn skal staðfestur af Fjármálaeftirlitinu innan fimm virkra daga og birtur á sama hátt og upprunalega lýsingin. Á meðan útgefandalýsingin er í gildi má nálgast hana, ásamt fyrrnefndum skjölum, á rafrænu formi á vefsíðu útgefanda, <https://www.hsveitur.is/um-okkur/fjarmal/>

Eftirfarandi skjöl er til sýnis á vefsíðu útgefanda á gildistíma lýsingar:

- Endurskoðaður ársreikningur HS Veitna fyrir rekstrarárið 2022
- Endurskoðaður ársreikningur HS Veitna fyrir rekstrarárið 2021
- Verðbréfalýsing HS Veitna, dagsett 29.08.2023
- Útgáfulýsing skuldabréfaflokksins
- Grænn fjármögnunarrámmi HS Veitna hf.
- Staðfesting frá óháðum vottunaraðila, Cicero, á græna fjármögnunarramma HS Veitna, dagsett 14.09.2022
- Samþykktir félagsins dags. 10.03.2023

Aðgengi að lýsingunni verður tryggt í 10 ár eftir birtingu hennar á vefsetri útgefanda: <https://www.hsveitur.is/um-okkur/fjarmal/>. Fjárfestar geta jafnframt óskað eftir lýsinguni á prentuðu formi, sér að kostnaðarlausu, á skrifstofu útgefanda, Brekkustíg 36, 260 Reykjanesbæ.

4.2 Skjöl felld inn með tilvísun

Eftirfarandi skjöl eru í heild sinni felld inn með tilvísun í útgefandalýsingu þessa og skoðast þar með sem órjúfanlegur hluti af útgefandalýsingu þessari og tiltekin skjöl til sýnis:

- Endurskoðaður ársreikningur útgefanda fyrir fjárhagsárið 2022, sem lauk 31. desember 2022, ásamt skýrslu og yfirlýsingu stjórnar og áritun óháðs endurskoðanda: <https://www.hsveitur.is/media/109750/arsreikningur-2022.pdf>
- Endurskoðaður ársreikningur útgefanda fyrir fjárhagsárið 2021, sem lauk 31. desember 2021, ásamt skýrslu stjórnar og yfirlýsingu stjórnar og framkvæmdastjóra og áritun óháðs endurskoðanda: <https://www.hsveitur.is/media/68646/arsreikningur-2021.pdf>

4.3 Upplýsingar frá þriðja aðila

Upplýsingar í útgefandalýsingu þessari byggja ekki á yfirlýsingum utanaðkomandi sérfræðinga eða þriðja aðila.

4.4 Umsjónaraðili útgáfunnar og töku skuldabréfanna til viðskipta

Umsjónaraðili töku skuldabréfanna til viðskipta á skipulegum markaði Nasdaq Iceland er fyrirtækjaráðgjöf Kviku banka hf., kt. 540502-2930, Katrínartúni 2, 105 Reykjavík („**fyrirtækjaráðgjöf Kviku**“ eða „**umsjónaraðili**“). Fyrirtækjaráðgjöf Kviku var ráðgjafi félagsins og umsjónaraðili með töku skuldabréfanna til viðskipta, ásamt markaðsviðskiptum sem hafði umsjón með sölu og útboðum skuldabréfanna.

Fyrirtækjaráðgjöf Kviku hefur jafnframt verið með umsjón við gerð lýsingar útgefanda dagsettar 29.08.2023, vegna töku skuldabréfaflokksins til viðskipta á skipulegan markað Nasdaq Iceland. Lýsingin er byggð á upplýsingum frá útgefanda.

Kvika þiggur þóknun fyrir að aðkomu sína að þessum verkefnum. Samskiptaupplýsingar Kviku eru eftirfarandi:

Sími: +354 520 3200
Vefur: www.kvika.is
Tölvupóstur: fyrirtaekjaradgjof@kvika.is
LEI númer: 254900WR3I1Z9NPC7D84

4.5 Endurskoðendur útgefanda

Endurskoðandi útgefanda er Deloitte ehf., kt. 521098-2449, Smáratorgi 3, 201 Kópavogur („**Deloitte**“), og fyrir þeirra hönd Heiðar Þór Karlsson og Kristján Þór Ragnarsson, löggiltir endurskoðendur og meðlimir í félagi löggiltra endurskoðenda. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Deloitte hafa starfað á því tímabili sem sögulegar fjárhagsupplýsingar í lýsingunni taka til. Þá hefur Deloitte ekki hafnað að veita áritun á árs- eða árshlutauppgjör félagsins á því tímabili sem sögulegar fjárhagslegar upplýsingar í lýsingunni taka til.

Deloitte hefur ekki sagt starfi sínu lausu eða verið leyst frá störfum á því tímabili sem sögulegar fjárhagslegar upplýsingar taka til í lýsingunni.

4.6 Hugsanlegir hagsmunaárekstrar

Athygli fjárfesta er vakin á hagsmunum útgefanda og Kviku banka hf. vegna töku skuldabréfa HS Veitna til viðskipta á Aðalmarkað Nasdaq Iceland.

- Kvika banki hf. hefur haft umsjón með útgáfu og sölu skuldabréfaflokksins HSVE 42 1110 og þegið þóknunir vegna þess.
- Kvika banki hf. hefur umsjón með gerð lýsingar þessara ásamt því að hafa umsjón með töku skuldabréfanna til viðskipta á Aðalmarkað Nasdaq Iceland og þiggur þóknun fyrir þau störf.

Útgefanda og fyrirtækjaráðgjöf Kviku banka er ekki skylt að meta hvort kaup á skuldabréfum sem þessi lýsin tekur til sé viðeigandi fyrir fjárfesta.

Að öðru leyti er útgefanda ekki kunnugt um hagsmuni sem skipta máli í tengslum við útgáfu og sölu skuldabréfanna.

4.7 Staðfesting af hálfu Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands

Lýsingin hefur verið yfirfarin og staðfest af Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands („**Fjármálaeftirlitið**“), sem er lögbært yfirvald samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 2017/1129, um lýsingu sem birta skal við almenn útboð verðbréfa eða vegna töku verðbréfa til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði. Fjármálaeftirlitið staðfestir aðeins viðkomandi lýsingu í þeim skilningi að hún uppfylli þær kröfur um að vera fullnægjandi, skiljanleg og samkvæm sem kveðið er á um í reglugerð (ESB) 2017/1129. Ekki ber að líta á slíka staðfestingu sem stuðning við útgefandann sem útgefandalýsingin varðar.

4.8 Yfirlýsing ábyrgðaraðila útgefandalýsingar fyrir hönd útgefanda

Stjórnarformaður HS Veitna hf. sem kemur fram fyrir hönd stjórnar útgefanda og forstjóri HS Veitna hf., kt. 431208-0590, Brekkustíg 36, 260 Reykjanesbæ, lýsa hér með yfir, fyrir hönd útgefanda, að samkvæmt bestu vitund eru upplýsingarnar sem útgefandalýsingin hefur að geyma, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum er sleppt sem gætu haft áhrif á áreiðanleika hennar.

Reykjanesbæ, 29. ágúst 2023

F.h. HS Veitna hf.

Jóhann Friðrik Friðriksson,
stjórnarformaður HS Veitna hf.

Páll Erland,
forstjóri HS Veitna hf.

Undirritunarsíða

F.h. HS Veitna hf.
Jóhann Friðrik Friðriksson

F.h. HS Veitna hf.
Páll Erland Landry